

28. apríl 2006

Allsherjaneftnd Alþingis,  
Skrifstofa Alþingis,  
150 Reykjavík.

### Umsögn stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Með lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003 var stigið mikilvægt skref í þá átt að auka vægi rannsókna og tækniþróunar í stefnumörkun stjórnvalda á Íslandi. Umfjöllun um málaflokk sem er í reynd verkefni margra ráðuneyta var færð til ráðs þar sem saman sitja ráðherrar og fulltrúar vísindasamfélagsins sem tilnefndir eru af ýmsum aðilum. Reynsla fyrsta tímabils ráðsins hefur sýnt að vel tókst til að flestu leyti, málefni rannsókna og tækniþróunar hafa verið sýnilegri í umræðunni, fjárveitingar til rannsókna og tækniþróunar hafa aukist og mörg mál sem áður skorti sameigilegan farveg hafa þokast allvel áleiðis. Þróun síðustu ára hefur verið í sömu átt í mörgum nágrannalöndum okkar, en breytingarnar árið 2003 tóku fyrst og fremst mið af rannsóknakerfi Finnlands.


Efling rannsókna, rannsóknamenntunar og tækniþróunar er langtíma verkefni sem ríkisvaldinu ber að sinna með almennum aðgerðum sem mikilvægum þætti atvinnulífs og þjóðlífs. Atvinnuþróun og byggðastefna eru önnur verkefni stjórnvalda sem hafa iðulega einkennst af skammsærri sjónarmiðum og sértækum aðgerðum. Samkeppnisstaða Íslendinga í framtíðinni byggist fyrst og fremst á menntunarstigi, tæknistigi og getu þjóðarinnar til rannsókna- og nýsköpunar. Þessa þætti þarf að efla umfram allt án tillits til atvinnuþróunar og byggðastefnu innanlands þar sem byggðapróun framtíðar getur hæglega falist í atgervisflotta menntaðs vinnuafis og hátæknifyrirtækja til útlanda. Eini mælikvarði rannsókna- og þróunarstarfs eru nefnilega alþjóðleg viðmið.

Því er það mat stjórnar Raunvísindastofnunar að frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð, þar sem ráðið verður að Vísinda- og nýsköpunarráði með aukna áherslu á atvinnuþróun, blandi saman tvenns konar hagsmunum þjóðarinnar: Annars vegar eflingu rannsókna- og tækniþróunar með alþjóðleg viðmið, hins vegar atvinnuþróun í byggðum landsins. Það er í sjálfu sér virðingarvert sjónarmið að efla framtíðarsýn í byggða- og atvinnumálum með því að tengja þau málefnum rannsókna og þróunar. Hitt væri þó eðlilegra og vænlegra til áragurs að efla rannsóknir og tækniþróun á Íslandi á eigin forsendum með alþjóðlega mælikvarða eins og stefna Vísinda- og tækniráðs hefur verið, en treysta stoðir atvinnuþróunar og byggðapróunar sjálfstætt.

Með ofangreindum rökum leggst stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans því gegn breyt-

ingum á Vísinda- og tækniráði samkvæmt frumvarpi þessu.

Með kveðju,



Viðar Guðmundsson,  
Prófessor í eðlisfræði,  
Formaður stjórnar  
Raunvísindastofnunar Háskólans,  
Sími: 525 4695.  
Tölvupóstur: vidar@raunvis.hi.is.